

# Leikskólinn Sóli



**Innra mat leikskólans**  
**Skólaárið 2021-2022**

## Innra mat leikskólans Sóla

<b>1. EINKENNI LEIKSKÓLANS STJÓRNUN OG REKSTUR</b>	<b>3</b>
<b>2. STEFNA OG MARKMIÐ</b>	<b>3</b>
<b>3. INNRA MAT LEIKSKÓLANS</b>	<b>3</b>
<b>3.1. UPELDI OG MENNTUN</b>	<b>4</b>
-SKRÁNINGARBLAÐ F. HÓPATÍMA.	5
-TALNINGABLAÐ FYRIR HÓPATÍMA.	5
-SKRÁNINGARBLAÐ FYRIR VAL.	5
-TALNING Á VALI.	5
-SÉRKENNSLA/STUÐNINGUR.	5
<b>3.2. LÍÐAN OG ÞROSKI BARNNA OG FORELDRASAMSTARF</b>	<b>6</b>
-GÁTLISTAR FYRIR FORELDRAVIÐTÖL.	6
-FORELDRAKÖNNUN HJALLASTEFNUSKÓLA.	6
-MYNDASAFN LEIKSKÓLANS Á HJALLAVEFNUM.	7
-ÚTSKRIFTARBÓK (FERILMAPPA/PORTFOLIO).	7
-ÓFORMLEGT MAT Á ÝMSUM ÞÁTTUM.	7
-STARFSMANNAKÖNNUN.	8
-ÁRSSKÝRSLA.	8
-YFIRFERÐ KANNANNA Á FUNDI STJÓRNENDATEYMISS HJALLASTEFNUNNAR.	8
-YFIRFERÐ TALNINGARBLAÐS FYRIR HÓPATÍMA Á KJARNAFUNDUM.	8
-MYNDASAFN LEIKSKÓLANS Á KARELLEN – RÝNI.	9
-FORFÖLL, FJARVERA OG ÖNNUR REKSTRARLEG SKRÁNING.	9
<b>3.3. ÞRÓUNARVERKEFNI</b>	<b>9</b>
<b>3.4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS</b>	<b>9</b>
<b>3.5. AÐBÚNAÐUR OG EFTIRLIT OPINBERRA AÐILA</b>	<b>10</b>
<b>3.6. YTRI TENGL</b>	<b>10</b>
FYLGIGÖGN:	10
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI	11



## 1. Einkenni leikskólans, stjórnun og rekstur

Leikskólinn Sóli er 5 kjarna leikskóli og rúmar u.þ.b. 95 nemendur á aldrinum eins árs til 5 ára. Leikskólinn er staðsettur við Ásaveg 11 í Vestmannaeyjum og er opinn frá klukkan 7:30 til 16:30 alla virka daga. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. á grundvelli þjónustusamnings við Vestmannaeyjabæ og hefur svo verið frá hausti 2012. Stjórnandi og aðal ábyrgðaraðili skólans er Helga Björk Ólafsdóttir leikskólastýra. Faglegur ráðgjafi og endanlegur ábyrgðaraðili er Hjallastefnan ehf. undir stjórn Bóasar Hallgrímssonar framkvæmdastjóri og Margrétar Pálu Ólafsdóttur eiganda og stjórnarkonu Hjallastefnunnar ehf.

## 2. Stefna og markmið

Leikskólinn Sóli starfar eftir lögum um leikskóla og fylgir gildandi reglugerðum þar að lútandi. Hjallastefnan, og þar af leiðandi leikskólinn Sóli, starfar eftir tvennum námskrár markmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá leikskóla og uppfylla öll markmið hennar. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli. Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum.

Hjallastefnan hefur vakið alþjóða athygli fyrir þróunar- og nýbreytnistarf í jafnréttismálum og hefur verið leiðandi í umræðu um kynjaskipt skólastarf hér á landi. Hjallastefnan er heildstæð hugmyndafræði með útfærðum starfslýsingum sem taka til allra þátta leikskólastarfsins. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er lýst í eftirfarandi ritum:

*Æfingin skapar meistarann - Leikskóli fyrir stelpur og stráka, Handbók Hjallastefnunnar, Gengi Hjallabarna í grunnskóla*, öllum eftir Margrétu Pálu Ólafsdóttur höfund Hjallastefnunnar.

## 3. Innra mat leikskólans

Samkvæmt 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 ber öllum leikskólum að meta kerfisbundið árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, foreldra og barna eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat sitt ber leikskólanum að birta opinberlega.

Markmið innra mats er samkvæmt lögnum að veita upplýsingar um skólastarfið til viðeigandi hagsmunaaðila, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skólastarf, auka gæði starfsins



## Hjallastefnan

og stuðla að umbótum og tryggja rétt barna til þeirrar þjónustu sem þau eiga rétt á.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd innra mats og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess.

Samkvæmt skilgreiningu Steinunnar Helgu Lárusdóttur (*Mat á skólastarfi, handbók fyrir skóla, 2002*) er mat „ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.“

Munurinn á innra mati (sjálfsmati) og ytra mati skv. leiðbeiningum Bjarkar Ólafsdóttur til Sambands Íslenskra Sveitarfélaga (*Innra mat leikskóla, 2011*), hefur með stöðu matsaðila að gera, þ.e. séu matsaðilar starfsmenn leikskólans er um innra mat að ræða en komi matsaðili utanfrá er um ytra mat að ræða. Þarna hefur Hjallastefnan sérstöðu og þverar í raun þessa skilgreiningu þar sem eftirlit frá Hjallastefnunni ehf. með starfi leikskóla sinna má í raun flokka sem bæði innra og ytra mat.

Leikskólinn Sóli tekur þátt í reglubundnu mati, líkt og aðrir skólar Hjallastefnunnar, en stendur einnig fyrir mati á þeim þáttum sem tilheyra einungis Sóla.

Sjálfsmat leikskólans Sóla fer fram með formlegum, kerfisbundnum og reglulegum hætti, markvisst er unnið úr niðurstöðum og þær skjalfestar og nýttar til umbóta auk þess sem leikskólinn birtir þær niðurstöður sem við á.

Í bók sinni *Mat á skólastarfi*, bendir Sigurlína Davíðsdóttir (2008) á að sjálfsmat skólastofnana geti bæði verið með formlegum og óformlegum hætti og óformlega matið sé það sem algengast er að stofnanir og einstaklingar noti til þess að bæta eða breyta störfum sínum frá degi til dags. Í leikskólanum Sóla fer fram mikið óformlegt sjálfsmat sem kemur til viðbótar því formlega og kerfisbundna mati sem áður er nefnt.

### **3.1. Uppeldi og menntun**

Samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar er dagskipulag leikskólans í föstum skorðum og skiptist leikskólatími barnanna jafnt milli kennslu og frjáls leiks barnanna. Því er óþarfi fyrir leikskólann Sóla að standa fyrir úttektum á skiptingu skólatímans í leik, kennslu og daglegar venjur þar sem sú skipting liggur fyrir samkvæmt námskrá sem ætíð er fylgt nákvæmlega eftir. Einnig eru gæði leikefnis fyrirliggjandi samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar þar sem nákvæmlega er tiltekið hvaða leikefni skuli vera í boði og hvernig það skuli vera frágengið. Lýsingu á leikefni Hjallastefnunnar má sjá í *Starfslýsingum Hjallastefnunnar*.



## **Matstæki:**

### **-Skráningarblað f. hópatíma.**

Með skráningarblaði fyrir hópatíma er skráð daglega eða vikulega hvað fer fram í hverjum hópatíma og er skráningarblaðið til sýnis fyrir foreldra í fataklefa. Það er á ábyrgð hvers hópstjóra að skrá á skráningarblaðið. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

### **-Talningablað fyrir hópatíma.**

Með talningablaði fyrir hópatíma er hægt að sjá hversu stór hluti hópatímanna (kennslunnar) hefur farið í einstaka námsþætti og verkefni. Þannig er auðvelt að fylgjast með áherslum í uppeldisstarfinu. Talið er reglulega út úr hópatímaskráningunni, á kjarnafundum, starfsmannafundum eða á öðrum tímum eru þessar skráningar ræddar. Það er á ábyrgð stjórnenda að sjá til þess að þessi talning fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

### **-Skráningarblað fyrir val.**

Í hverjum valtíma er val barnanna skráð. Það er á ábyrgð þess kennara sem stýrir valfundi í það sinnið að sjá til þess að valskráningin fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

### **-Talning á vali.**

Mánaðarlega er val barnanna talið út og tölfræði þess birt foreldrum í fataherbergi kjarnans. Hver kjarni fyrir sig er ábyrgur fyrir valtalningu og að úrvinnsla fari fram. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

### **-Gátlisti fyrir valfundi og valsvæði**

Þessi gátlisti er ætlaður til að auðvelda starfsfólki að rýna í starf sitt. Niðurstöður listans eru ekki ætlaðar til opinberrar birtingar eða samanburðar af nokkru tagi heldur einungis til hagsbóta fyrir leikskólann sjálfan. Skólastýra ber ábyrgð á því að innra mat fari fram í leikskólanum og á því að unnið sé að umbótum á því sem upp á vantar. Gátlistinn skal keyrður einu sinni á skólaárinu.

### **-Sérkennsla/stuðningur.**

Við leikskólann starfar þroskaþjálfari/sérkennari í 66% starfi en hluti þeirrar stöðu er greiddur af Vestmannaeyjabæ. Guðrun Benónýsdóttir er starfandi ráðgjafi í sérkennslu hjá Vestmannaeyjabæ, hún er tvo morgna í viku í skólanum og er eftirlit með sérkennslunni því í hennar höndum. Leikskólinn vinnur eftir öllum venjulegum verkferlum varðandi sérkennslu með gerð einstaklingsnámskráa o.s.frv. og fer þar eftir vinnulagi sveitarfélagsins svo



## Hjallastefnan

og Hjallastefnunnar. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn af verkferli Vestmannaeyjabæjar, einstaklingsáætlun og einstaklingsnámskrá). Nemendaverndarmál í leikskólum Vestmannaeyjabæjar eru í höndum Guðrúnar Benónýsdóttur sérkennsluráðgjafa Vestmannaeyjabæjar. Aníta Ársælsdóttir er tengiliður okkar við ungbarnaeftirlitið og hjá bænum starfar Ragnheiðar Sæmundsdóttir sem sálfræðingur. Staðlað beiðni blað frá Vestmannaeyjabæ er notað til að sækja um sérfræðipjónustu fyrir börn leikskólans til bæjarins s.s. þjónustu talmeinafræðings. Einnig eru haldnir teymisfundir með foreldrum, sérkennslustýru á Sóla, hópstjórum, stuðningsfulltrúum, sálfræðingi og þroskaþjálfra þeirra barna sem fá sérfræðipjónustu frá bænum.

### **3.2. Líðan og þroski barna og foreldrasamstarf**

Fyrsta meginregla Hjallastefnunnar fjallar um að mæta hverju barni eins og það er. Þessi einfalda regla er höfð í heiðri hvað varðar samskipti og þjónustu við börn og foreldra. Það er markviss stefna leikskólans að breyta starfi sínu ef þarfir eins einasta barn krefjast þess.

## **Matstæki:**

### **-Gátlistar fyrir foreldraviðtöl.**

Á hverju skólaári fyllir hver kennari út gátlista yfir þroska og almenna færni umsjónarbarna sinna. Með þessu móti er fylgst reglulega með þroska og framförum hvers barns og gefst þá tækifæri til þess að vinna með veikleika ef þeir eru fyrir hendi. Gátlistinn er sýndur foreldrum í formlegu foreldraviðtali sem fram fer einu sinni á önn. Það er ábyrgð Helgu Bjarkar Ólafsdóttur, Hildar Daggar Jónsdóttur og Ingibjargar Þorsteinsdóttur að hafa umsjón með útfyllingu gátlista og eftirfylgd þeirra. (Sjá meðfylgjandi sýnishorn).

### **-Foreldrakönnun Hjallastefnuskóla.**

Einu sinni á ári fer fram formleg tölvfræðileg könnun á ánægju foreldra með fjölmarga þætti skólastarfsins svo og mat þeirra á líðan og ánægju barna sinna og samskipti við starfsfólk. Könnunin hefur á undanförunum árum verið rafræn og farið fram í gegnum tölvupóstfang foreldra en niðurstöður eru órekjanlegar til einstakra foreldra. Það er á ábyrgð Hjallastefnunnar ehf. að þessi könnun fari fram. Tölvfræðileg úrvinnsla er í höndum Hjallastefnunnar. Niðurstöður foreldrakönnunar eru síðan birtar foreldrum á heimasíðu leikskólans og ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsmannafundi svo og á teymisfundi stjórnenda Hjallastefnuleikskóla þar sem styrkleikar eru metnir og umbætur fundnar á því sem þörf er á. Nánar má lesa um tilhögun foreldrasamstarfs í ársskýrslum skólans. (Sjá meðfylgjandi niðurstöður síðustu könnun).



### **-Myndasafn leikskólans á Hjallavefnum.**

Leikskólinn kaupir þjónustu af Karellen og er heimasíða Hjallastefnan ehf. og skóla hennar með virkar heimasíður. Heimasíða Hjallastefnunnar er hjalli.is og leikskólans soli.hjalli.is, í kerfi Karellen eru hýstir tugir þúsunda mynda af leikskólastarfinu. Í hverri viku setja kennarar hvers kjarna inn tugi og upp í hundruð mynda úr leikskólastarfinu, bæði úr hópatímum svo og af frjálsum leik barnanna. Foreldrar hafa aðgang að þessum myndum á fjölskyldusíðu Karellen, auk þess sem þeirri heimasíðu fylgir app þar sem hægt er að skoða eitthvað af myndunum. Foreldrum fá dýrmæta innsýn inn í skólstarfið og geta fylgst með viðfangsefnum barna sinna yfir daginn.

### **-Útskriftarbók (ferilmappa/portfolio).**

Leikskólabókin mín kallast ferilmappa leikskólabarnanna á Sóla en í hana eru bæði færð verkefni sem barnið vinnur í tiltekinni lotu í Kynjanámskránni á hverju skólaári og eru því dýrmætt tæki í mati á þroska barnanna, en einnig eru sett í ferilmöppuna önnur verkefni svo og sérstök myndlistarverkefni og myndir og lýsingar á öðru sem kennurum þykir hafa varðveislugildi. Umsjón ferilmöppu er á ábyrgð hópstýru barnsins.

### **-Óformlegt mat á ýmsum þáttum.**

Óformlegt símat á frammistöðu sinni í foreldrasamskiptum og uppeldisstarfi hefur löngum verið eitt helsta stolt Hjallastefnuleikskóla. Í leikskólum Hjallastefnunnar hefur ætíð verið lögð mikil áhersla á að kennari sé til staðar þegar börn koma eða fara og hefur sá kennari það hlutverk að flytja skilaboð um ýmsa þætti sem lúta að velferð barnsins milli skóla og foreldra svo og að „taka púlsinn“ á viðhorfi foreldra til skólans og líðan barnanna. Reglulega skrifa kennarar fréttir á svæði kjarnans eða lokaða Facebook hópa, þar eru helstu viðburðir vikunnar taldir upp. Á Sóla er áhersla lögð á góð gagnkvæm samskipti við foreldra og við lítum það jákvæðum augum ef foreldrar vilja velta fyrir sér leikskóla kennslunni með okkur.

### **3.3. Starfsfólk og stjórnun**

Önnur meginregla Hjallastefnunnar leggur út frá því „að jákvæðni, gleði og kærleikur ráði alltaf ferðinni milli starfsfólks og gagnvart börnum og foreldrum.“ Þessi meginregla er í raun starfsmannastefna leikskólans svo og jafnréttisáætlun hans.

Í leikskólanum Sóla starfa í september 2021, 28 starfsmenn í rúmum 24 stöðugildum utan ræstingar. Faghlutfall er í kringum 68% af starfsfólki.



## **Matstæki:**

### **- Starfsmannakönnun.**

Einu sinni á ári er lögð könnun fyrir allt starfsfólk Hjallastefnuskóla þar sem spurt er um afstöðu þeirra, líðan og mat á einstökum þáttum starfs síns og starfsemi leikskólans s.s. endurmenntun starfsfólks, samskipti á vinnustaðnum, starfsanda í leikskólanum, líðan starfsfólks, samstarf, verkaskiptingu, stjórnun leikskólans svo og mat á eigin starfi. Könnunin hefur verið rafræn undanfarin ár og eru svörin órekjanlega til einstaka starfsfólks. Hjallastefnan ehf. er ábyrg fyrir því að þessi könnun fari fram. Tölfræðileg úrvinnsla er í höndum stjórnenda Hjallastefnunnar. Niðurstöður starfsfólks könnunarinnar eru birtar starfsfólki og auk þess sem ítarlega er farið yfir niðurstöður á starfsfólksfundum svo og á teymisfundum stjórnenda Hjallastefnuleikskóla þar sem styrkleikar eru metnir og umbætur fundnar á því sem þörf er á.

### **- Starfsskýrsla (ársskýrsla og starfsáætlun í einu plaggi)**

Árlega er gerð starfsskýrsla, gerð þessarar skýrslu er í höndum leikskólastýru. Í starfsskýrslu koma fram allir helstu þættir leikskólastarfsins eins og þeir voru framkvæmdir það starfsár sem skýrslan fjallar um auk útlekkingar á því hvernig leikskólinn uppfyllir markmið Aðalnámskrár leikskóla. Starfsskýrslan er opinbert gagn og er afhent rekstraraðila (Hjallastefnunni ehf) svo og Vestmannaeyjabæ. Lesa má starfsskýrsluna á heimsíðu skólans [www.soli.hjalli.is](http://www.soli.hjalli.is)

### **-Yfirferð kannanna á fundi stjórnendateymis Hjallastefnunnar.**

Sjálfsrýni stjórnenda leikskólans á frammistöðu sinni fer fram einu sinni á ári í kjölfar foreldra- og starfsfólks kannanna. Þar gefst mikilvæg sýn á þá þætti starfsins sem krefjast umbóta en einnig á þá styrkleika sem skólinn býr yfir. Í kjölfar þessara kannana taka stjórnendur til svör, skýringar og umbótaáætlanir yfir þá þætti sem betur mega fara og er þetta birt ásamt niðurstöðum kannanna á viðeigandi stöðum á vef skólans. Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. ber ábyrgð á því að þetta endurmat fari fram.

### **-Yfirferð talningarblaðs fyrir hópatíma á kjarnafundum.**

Kjarnafundir eru haldnir u.þ.b. tvisvar til fjórum sinnum á ári, þar gefst starfsfólk hvers kjarna tækifæri til þess að endurmeta störf sín og ræða málefni kjarnans. Á þessum fundum er farið í gegnum talningu á hópatímaskráningu og áherslur í uppeldisstarfinu yfirfarnar og gætt að því að kennslustarfið uppfylli markmið Aðalnámskrár leikskóla svo og markmið Hjallastefnunnar. Þetta er mikilvægt tækifæri til sjálfsrýni kennara á eigið starf og er notað til umbóta á áherslum ef þörf krefur. Helga Björk Ólafsdóttir, Hildur Dögg Jónsdóttir og Ingibjörg Þorsteinsdóttir bera ábyrgð á kjarnafundum og endurmati á hópastarfi kennara.





### **-Myndasafn leikskólans á Hjallavefnum – rýni.**

Kennarar hafa sitt eigið aðgengi að myndunum í gagnasafni my.karellen.is. Kennarar hvers kjarna merkja myndirnar á netinu og setja útskýringar á því sem fram fer ef þörf er á. Þarna gefst kennurum gott tækifæri til íhugunar og skoðunar á starf sitt og myndi þessi skoðun teljast til óformlegs mats á eigið starf. Myndasafnið hefur þó einnig verið notað til formlegs mats þar sem tölfræðilega hefur verið unnið upp úr myndefninu en hefur það fremur verið í tengslum við lotuvinnu eða einhverskonar átaksverkefni en ekki með reglulegum hætti og eru því ekki til samanburðarhæf gögn úr slíkri vinnslu.

### **-Forföll, fjarvera og önnur rekstrarleg skráning.**

Hjallastefnan ehf. notar rekstrartölvukerfið Net-Stjórnandann til vinnslu launa og annarrar skráningar og útreikninga á rekstri leikskólans. Við munum þó á næstunni færa okkur alfarið yfir í Karellen kerfið. Fjarvistarskráningar starfsfólks fara fram í gegnum Net-Stjórnandann sem og að skólastýra heldur utanum fjarvistir í excel skjali, hægt er að skoða fjarvistir einstakra starfsmanna á tilteknum tímabilum svo og fá upplýsingar til útreiknings á fjarvistarhlutfalli. Ennfremur heldur Vinnuvernd utan um veikindaskráningar fyrir leikskólann.

### **3.4. Þróunarverkefni**

Árið 2019 setti Hjallastefnan af stað Þjálfunaráæltun. Markmiðið með henni er að tryggja að allt starfsfólk lesi reglulega handbók Hjallastefnunnar. Þannig hafa allir góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og vita vel til hvers er ætlast í starfi. Við munum áfram vinna að og bæta Þjálfunaráætlunina.

Tveir kennarar á Sóla hlutu styrk úr þróunarsjóði Vestmannaeyjabæjar. Guðrún Bára Magnúsdóttir og Guðrún Lilja Friðgeirsdóttir hlutu styrk til að skrifa leikjahandbók fyrir leikskóla.

### **3.5. Skólanámskrá leikskólans**

Skólanámskrá leikskólans er endurskoðuð á tveggja til þriggja ára fresti og þá eru ýmis atriði hennar mótuð í takti við þróun skólustarfsins. Að þróun námskrárinnar koma ýmsir hagsmunaaðilar skólans: starfsfólk, stjórnendur, foreldrar og börnin sjálf.

Að auki fer fram miðlæg endurskoðun á einstökum hlutum námskrárinnar á vegum Hjallastefnunnar ehf. og snýst sú endurskoðun um þá þætti er lúta að heildarnámskrá Hjallastefnunnar eða Aðalnámskrár leikskóla.



### **3.6. Aðbúnaður og eftirlit opinberra aðila**

Ytra mat með starfi leikskólans er í reglubundnum farvegi. Heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit svo og eftirlit með slysavörnum barna fer fram með reglulegum hætti og eftir opinberum reglum þar um. Slysu eru skráð í kerfi Karellen og er hægt að fletta upp slysum þegar heilbrigðiseftirlit óskar þess. Leikskólinn starfar eftir öryggisreglum og heldur reglulegar brunaæfingar. Útisvæði leikskólans er rekstrar skoðað reglulega af rekstraraðila og aðalskoðað einu sinni á ári af faggildum aðila.

Leikskólinn er þrífinn daglega í lok skóladags en þáttur kennara í daglegu hreinlæti er skráður í starfslýsingum og salernisþrif og sprittun á hurðarhúnum og öðrum algengum snertiflötum fer fram nokkrum sinnum á dag.

Í leikskólanum Sóla er virkt innra eftirlit í eldhúsi og starfar það í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Skólamaturinn á Sóla er eldaður á staðnum af tveimur konum sem farið hafa í gegnum raunfærnimat í matreiðslu og stunda þær nú nám í matartækni frá Akureyri. Matseðlagerð er miðuð við staðla lýðheilsustöðvar. Að auki stendur Hjallastefnan reglulega fyrir því að matarstaðlar hennar eru yfirfarnir með aðstoð næringarfræðings.

### **3.7. Ytri tengsl**

Um ytri tengsl er fjallað í ársskýrslum skólans en mestu tengslin eru við aðra leik- og grunnskóla í rekstri Hjallastefnunnar ehf. Einnig eigum við í góðum samskiptum við leikskólann Kirkjugerði hér í Vestmannaeyjum sem og Víkina (5 ára börn) sem starfar undir Grunnskóla Vestmannaeyjar. Jafnframt eru tengsl milli leikskólans Sóla og annarra sjálfstætt rekinna skóla í gegn um Samtök sjálfstæðra skóla sem hafa staðið fyrir samstarfsvettvangi af ýmsu tagi. Sóli heldur öllum eðlilegum tengslum við atvinnu- og menningarlíf sveitarfélagsins, heilsugæslu, umferðarráð og barnaverndaryfirvöld eftir þörfum.



Hjallastefnan

## Fylgigögn:

*Valfundablað*

*Valtalingarblað*

*Skráningarblað fyrir hópatíma*

*Talningarblað fyrir hópatíma*

*Gátlisti fyrir foreldraviðtöl*

*Einstaklingsnámskrá*

*Einstaklingsáætlun*

*Verkferill vegna sérkennslu*

*Beiðniblað vegna sérfræðiaðstoðar*

*Niðurstöður foreldrakönnunnar ásamt úrbótaáætlun*

*Niðurstöður starfsmannakönnunnar ásamt úrbótaáætlun*

---

## Heimildir og ítarefni:

Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 2011).

*Hjalli.is* (2012): [www.hjalli.is](http://www.hjalli.is)

Lýðheilsustöð (2012) [www.manneldi.is](http://www.manneldi.is)

Margrét Pála Ólafsdóttir (1992). *Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka.*

Reykjavík: Mál og menning.

Margrét Pála Ólafsdóttir (2012). *Starfslýsingar Hjallastefnunnar.* Reykjavík: Hjallastefnan ehf.

Margrét Pála Ólafsdóttir (2000). *Gengi Hjallabarna í grunnskóla. Hefur kynjaskipt leikskólastarf*

*áhrif á færni, liðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?* Óbirt M.Ed

ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Menntamálaráðuneytið (1997). *Sjálfsmat skóla.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Sigurlína Davíðsdóttir (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði.* Reykjavík: Hólar.

Þjörk Ólafsdóttir (2011). *Inna mat leikskóla.* Samband íslenskra sveitarfélaga.